

Verklagsreglur Orlofssjóðs BHM um pöntun og úthlutun orlofshúsa, greiðslu leigu, umgengni o.fl.

*upphaflega samþykktar á stjórnarfundum Orlofssjóðs BHM 5. apríl 2001, sbr. 5. t.l. 6. gr.
skipulagsskrár sjóðsins með síðari breytingum¹ (upphaflega kynntar á ársfundi sjóðsins í
Brekuskógi 23. maí 2001)*

1. Réttur sjóðfélaga.

- a) **Almennt.** Um rétt sjóðfélaga gildir skipulagsskrá Orlofssjóðs BHM, samþykkt á ársfundi sjóðsins 12. maí 1999 og á aðalfundi BHM 1. apríl 2000, með eftirfarandi ívilnandi viðbótum.
- b) **Í fæðingarorlofi.** Sjóðfélagar, karlar og konur, njóta óskertra réttinda í fæðingarorlofi, enda greiði þeir félagsgjöld af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.
- c) **Árgjald atvinnulausra, öryrkja, eða maka látinna sjóðfélaga sem óska eftir áframhaldandi aðild** auk þeirra sjóðfélaga sem leita sér endurmenntunar eða eru í launalausum leyfi frá starfi. sbr. 4. mgr. 3 gr. í skipulagsskrá sem samþykkt var á ársfundi 28. apríl 2004 skal framvegis vera kr. 2.500,-. Árgjald lífeyrisþega verði framvegis eitt ævigjald kr. 10.000,- en tekur breytingum eftir vísitölu neysluverðs sem var í apríl 2005 241,5 stig.
- d) **Endurinnkoma lífeyrisþega.** Meginreglan er að hver umsókn fyrir sig verði afgreidd af stjórn. Undantekning er ef umsókn er í framhaldi af starfslokum og eigi hafi liðið lengri tími en eitt ár frá því að viðkomandi hætti störfum.
- e) **Sjóðfélagar sem þiggja dagpeninga úr sjúkra-eða styrktarsjóði BHM.** Þeir sjóðfélagar orlofssjóðs Bandalags háskólamanna sem þiggja dagpeninga úr sjúkra-eða styrktarsjóði og nutu fullra réttinda í orlofssjóði áður en dagpeningagreiðslur hófust skulu eiga óskertan rétt í orlofssjóði meðan á dagpeningagreiðslum stendur.

2. Úthlutun á páska og á sumrin (á úthlutunartímabilum).

- a) **Forgangur sjóðfélaga.** Einungis sjóðfélagar geta pantað hús á úthlutunartímabilum, um páska og á sumrin.
- b) **Skiptidagur.** Skiptidagur er föstudagur – nema í leiguíbúð í Vestmannaeyjum þar sem skiptidagur er fimmtudagur.
- c) **Skiptitími.** Skiptitími í eigin húsum Orlofssjóðs BHM á sumrin er kl. 18:00 við komu og kl. 12:00 við brottför. Um skiptitíma í húsum annarra fer eftir reglum á hverjum stað.
- d) **Innbyrðis forgangur.** Um forgang innbyrðis milli sjóðfélaga gildir sú regla að áunnir punktar 4 punktar fyrir hvern mánuð frá og með janúar 2003 sem greitt hefur verið í sjóðinn. Upphafsstaða punkta er K-stigagildi hvers og eins sjóðfélaga margfölduð með þremur nema að aðild hans sé frá 2001 og yngri en þá verði notuð reglan að margfalda sjóðsaldur í mánuðum með fjórum. Sá sem á flest/fleiri stig hlýtur úthlutun. Sjóðsstjórn samþykkti í október 2004 afturvirka endurskoðun á punktayfirfærslu þar sem bætt var handvirkt á þá sem ekki höfðu fengið úthlutun fyrir árið 2000 en fengið úthlutun 2000 – 2002 og höfðu lengri sjóðsaldur en frá árinu 1980 eftirfarandi:
Úthlutun árið 2000, viðbót 100 punktar, úthlutun árið 2001, viðbót 200 punktar, úthlutun árið 2002, viðbót 300 punktar.
Ef umsækjendur eru jafnir skulu eftirfarandi atriði ráða ákvörðun um hver fær úthlutun í eftirfarandi forgangsröð:
 - (i) lengd frá síðustu úthlutun
 - (ii) árafjöldi í sjóðnum og

- (iii) lífaldur.
Punktafjöldi 31. desember ræður úrslitum vegna úthlutunar árið á eftir.
- e) **Forgangsbókun eftir úthlutun og greiðslutíma.** Þeir sem sækja um en fá ekki úthlutun verða í forgangi um bókun í eina viku eftir að þeim sem fengu úthlutun hefur gefist kostur á að greiða fyrir úthlutunina. Sama gildir um þá sem ekki náðu að greiða á réttum tíma. Eftir það (26/3 vegna páska og 26/4 vegna sumars) gildir reglan: fyrstur kemur – fyrstur fær. Þó þarf að taka tillit til undantekningar sbr. lið m.
- f) **Greiðsla úthlutunar.** Ef sjóðfélagi greiðir ekki á gjalddaga fellur úthlutun úr gildi. Ekki er hringt eftir biðlista.
- g) **Frádráttur vegna úthlutunar**
- (i) Punktanotkun: Fyrir hverja úthlutun á sumarhúsum eða öðrum tilboðum orlofssjóðsins innanlands verði notuð eftirfarandi regla.
- Fyrir úthlutun í páskaviku: 150 punktar.
 - Fyrir hótelmiða að sumri: 21 punktur hver miði. Fyrir aðra tíma 4 punktar hver miði.
 - Fyrir viku sem byrjar á tímabilinu frá öðrum fimmtudegi eða föstudegi í júní í 10 vikur, 150 punktar.
 - Helgarleiga að vetrarlagi utan ofangreindra tímabila: 0 punktar
 - Vikan fyrir og eftir sumarúthlutunartímabil verði leigð út sem heil vika en án punktafrádráttar.
- (ii) Punktafrádráttur erlendis
- Fyrir íbúðir erlendis eru dregnir af 150 punktar úthlutunartímabilið frá fyrsta föstudegi í maí í 20 vikur. Fyrir aðrar vikur 15 punktar fyrir hverja viku.
- (iii) Um forgangsbókanir eftir úthlutun gilda sömu reglur og um aðrar bókanir.
- (iv) Ef hætt er við úthlutaða viku eða hótelmiða tapast ekki punktar en 80% endurgreiðsla gildir, sbr. c-lið 4. gr.
- (v) Frádráttur punkta verði endurskoðaður árlega.
- h) **Óvirkir sjóðfélagar.** Sjóðfélagar eru skráðir óvirkir á meðan ekki er greitt vegna þeirra í sjóðinn. Undantekning sbr. b og e lið 1. gr.
- i) **Fyrri sjóðsaldur.** Ef upplýst er um fyrri sjóðsaldur skal tekið tillit til hans.
- j) **Umsóknir.** Umsóknum er bæði hægt að skila rafrænt af bókunarvef sjóðsins og á umsóknareyðublaði
- k) **Lok umsóknarfrests.** Lok umsóknarfrests er eftirfarandi vegna dvalar í:
- (i) orlofsíbúðum *erlendis*: sami dagur og lok umsóknarfrests vegna páskadvalar 1. mars ár hvert;
 - (ii) orlofshúsum innanlands um páska: 1. mars ár hvert;
 - (iii) orlofshúsum innanlands á sumrin: 1. apríl ár hvert.
- l) **Umsóknarfrestur.** Aðeins þeir sjóðfélagar koma til greina sem skila umsóknum á réttum tíma; pósthúsi gildir enda sé hann frá pósthúsi eða bréf berist innan 2ja virkra daga frá pósthúsi úr pósthúsi.
- m) **Greiðslufyrirvari.** Úthlutun vegna dvalar á úthlutunartímabilum ber að greiða í síðasta lagi 2 vikum eftir lok úthlutunar nema þegar páskar eru snemma árs þá er síðasti greiðsludagur 7 dögum fyrir páskaleigu.
- n) **Forgangur vegna hreyfihömlunar.** Sjóðfélagar, sem eru bundnir við hjólastól eða eiga maka eða börn sem eru bundin við hjólastól og upplýsa um það á umsóknareyðublaði, eiga forgang að húsi nr. 23 í Brekkuskógi að því tilskildu að þeir uppfylli skilyrði fyrir úthlutun og hafi fengið úthlutun. Úthlutað er sérstaklega í hús nr. 23 áður en önnur úthlutun á sér stað.
- o) **Úthlutun til annarra.** Einstaklingar, sem ekki eru sjóðfélagar, geta einungis pantað laus hús á úthlutunartímabili þegar sjóðfélögum hefur gefist kostur á að fá úthlutað

húsi og minna en 1 sólahringur er fram að dvöl, þ.e. kl 9.00 á föstudegi vegna dvalar frá og með föstudegi.

- p) **Lágmark úthlutunartíma.** Ekki er boðið upp á leigu fyrir færri en 7 nætur á úthlutunartímabilum í samkeppnisúthlutun, sbr. hins vegar o-lið. Í tilviki íbúðar í Kaupmannahöfn gildir þó sú regla að úthlutun íbúðar er almennt ekki til skemmri tíma en viku. Sjóðfélagi getur þó fengið skemmri úthlutun sé íbúðin ekki komin í vikuleigu fjórum vikum fyrir umbeðinn tíma.
- q) **Hámark úthlutunartíma.** Hver sjóðfélagi fær aðeins eina viku í samkeppnisúthlutun á hverju úthlutunartímabili. Eftir að forgangsbókunum (páskar 26/3, sumar 26/4) lokið getur sjóðfélagi fengið fleiri vikur.
- r) **Leigugjald.** Leiga er sem hér segir fyrir hverja úthlutaða viku frá 31. mars 2010:
 - (i) 19.000 kr. fyrir A og B hús í Brekkuskógi, Svignaskarð og hús nr. 6 í Aðaldal.
 - (ii) 23.000 kr. fyrir C-hús í Brekkuskógi
 - (iii) 48.000 kr. Frá byrjun sumarúthlutunar íbúð í Danmörku og París
 - (iv) 23.000 kr. almennt leiguverð út um land
 - (v) 25.000 kr. Önnur stærri leiguhús.
 - (vi) Stórt hús í Brekkuskógi D hús kr. 37.000
 - (vii) Þýskalandi – Ailingen kr. 45.000.-

3. Úthlutun utan úthlutunartímabila.

- a) **Engir punktar.** Utan úthlutunartímabila gildir reglan fyrir sjóðfélaga, fyrstur kemur – fyrstur fær.
- b) **Fyrirvari á pöntun.** Frá og með 15. júní ár hvert geta sjóðfélagar pantað hús frá lokum sumarúthlutunar það ár þrjá mánuði fram í tímann þó þannig að ef mánaðarmót falla inn í helgi þá miðast mánaðarmót við föstudaginn fyrir mánaðarmót. Síðan bætist við einn nýr mánuður í hverjum mánuði 15. hvers mánaðar eftir það. Sama gildi um pöntun á íbúð í Kaupmannahöfn en þar hefjast pantanir 15. júlí ár hvert.
- c) **Skiptitími.** Skiptitími í Brekkuskógi á veturnum er kl. 17:00 við komu og kl. 16:00 við brottför.
- d) **Hámarksfjöldi.** Utan úthlutunartímabila er mest hægt að bóka 2 hús í einu á hvern sjóðfélagi hverja helgi, sem telst vera aðfararnætur laugardags og sunnudags nema að hús sé óleigt innan við tveimur sólahringum fyrir dvöl, þ.e. kl. 9 á fimmtudegi vegna dvalar á föstudegi.
- e) **Greiðslufyrirvari.** Greiða ber með kreditkortu fyrir bókaða dvöl á bókunarvef og með millifærslu í heimabanka eða staðgreiðslu samdægurs og bókað er ef bókun fer fram á skrifstofu sjóðsins.
- f) **Hús nr. 23 fyrir hreyfihamlaða.** Sjóðfélagar, sem eru bundnir við hjólastól eða eiga maka eða börn sem eru bundin við hjólastól geta bókað hús nr. 23 en þó gildir reglan fyrstu kemur fyrstur fær.
- g) **Úthlutun til annarra.** Einstaklingar, sem ekki eru sjóðfélagar, geta pantað laus hús utan úthlutunartímabila þegar minna en 1 sólahringur er fram að dvöl. Sama gildir um sjóðfélaga sem þegar hafa fullnýtt rétt sinn skv. d-lið—Formanni og/eða framkvæmdarstjóra er heimilt að leigja öðrum hús undir sérstökum kringumstæðum.
- h) **Stofnanir og hópár.** Heimilt er að leigja stofnunum og hópum, svo sem kórum og öðrum áhugasamtökum, orlofshús í allt að 4 nætur frá hádegi á mánudegi til hádegis á föstudegi.
- i) **Salarleiga.** Heimilt er að leigja sal í þjónustumiðstöð í Brekkuskógi á 11.500.- kr. fyrir tvær nætur.

- j) **Stjórn og starfsmenn.** Fulltrúar í sjóðsstjórn Orlofssjóðs BHM panta með sama hætti og greiða sama gjald og aðrir sjóðfélagar fyrir dvöl í orlofshúsum sjóðsins en ætlast er til að stjórn og starfsmenn fari í eftirlit sem nemur einni helgi á ári.
- k) **Lágmark úthlutunartíma.** Ekki er boðið upp á leigu fyrir færri en 2 nætur utan úthlutunartímabila nema svo standi á að ein stök nótt sé auð og reiknast hún þá á hálfvirði fyrstu 2ja náttu. Í tilviki íbúðar í Kaupmannahöfn gildir þó sú regla að úthlutun íbúðar er almennt ekki til skemmri tíma en viku. Sjóðfélagi getur þó fengið skemmri úthlutun sé íbúðin ekki komin í vikuleigu fjórum vikum fyrir umbeðinn tíma.
- l) **Hámark úthlutunartíma.** Ekki er boðið upp á leigu fyrir lengri tíma en 2 vikur utan úthlutunartíma.
- m) **Leigugjald.** Leiga er sem hér segir, frá og með páskaleigu 2010.
 - (i) Leiga fyrir A og B hús í Brekkuskógi 9.500.- kr. fyrir fyrstu tvær næturnar og leiga fyrir 3.-7. nótt 20% af þeirri upphæð (1.900 kr.) fyrir hverja nótt.
 - (ii) Leiga fyrir C-hús í Brekkuskógi og önnur hús og íbúðir 11.500.- kr. fyrir fyrstu tvær næturnar og leiga fyrir 3.-7. nótt 20% af þeirri upphæð (2.300 kr.) fyrir hverja nótt.
 - (iii) Leiga fyrir stórt D hús í Brekkuskógi kr. 18.500.- fyrir fyrstu tvær nætur og leiga fyrir 3. – 7. nótt 20% af þeirri upphæð (3.700.-) fyrir hverja nótt.
 - (iv) Leiga fyrir íbúð í Danmörku (frá 7/5 2010) er 24.000 kr. fyrir fyrstu tvær næturnar og leiga fyrir 3.-7. nótt verði 20% af þeirri upphæð (4.800 kr.) fyrir hverja nótt.
- n) Kafli 3 gildir alltaf nema um páska og sumartímabili innanlands og alltaf nema á sumartímabili erlendis.

4. Skyldur sjóðsins.

- a) **Gallar.** Ef orlofsaðstöðu er ábótavant eru sjóðfélagar beðnir um að láta umsjónarmann vita sem fyrst ef í hann næst og skrifstofu sjóðsins ella strax og dvöl lýkur. Ef gallinn hefur rýrt gæði orlofsdvalar endurgreiðir sjóðurinn helming leigugjalds ef ekki hefur verið veittur afsláttur fyrirfram vegna þessa.
- b) **Verulegir gallar.** Ef orlofsaðstaða er alls óviðunandi og sjóðfélagi hættir við dvöl af þeim sökum endurgreiðir sjóðurinn 100% leigugjalds.
- c) **Afpöntun og breytingar.** Ef sjóðfélagi hættir við dvöl innanlands á sumarúthlutunartímabili með a.m.k. 14 daga fyrirvara endurgreiðir sjóðurinn 80% leigugjalds. En á öðrum tímum ársins með 7. daga fyrirvara. Ef sjóðfélagi hættir við dvöl með skemmri fyrirvara endurgreiðir sjóðurinn ekki 80% nema önnur úthlutun takist.
 Heimilt er leigutaka að breyta einu sinni fyrir hverri leigu innan sama svæðis. Nýja bókunin þarf að vera samskonar og sú sem hætt er við og kosta það sama. Leigutaki hafi þá samband við orlofsfulltrúa sem sér um slíka breytingu. Þessi breyting þarf að gerast með a.m.k. 14 daga fyrirvara að sumri en a.m.k. 7 daga fyrirvara að vetri. Sama gildir ennfremur þegar hætt er við dvöl eða skipt um tíma í orlofsíbúð erlendis – þó þannig að í stað 14 daga fyrirvara er fyrirvarinn 28 dagar við leigu íbúðar erlendis. Ef hótelmiði er ekki notaður og óskað er eftir endurgreiðslu innan gildistíma miðans er 80% verðsins endurgreitt. Útilegukort og Veðikort eru ekki endurgreidd.
- d) **Veður og snjómokstur.** Orlofssjóður BHM ábyrgist snjómokstur á föstudögum og sunnudögum á orlofssvæði en ekki aðra daga og ábyrgist ekki veðurskilyrði eða færð á þjóðvegum. Göngustígar á orlofssvæðinu og að húsum eru ekki mokaðir. Leigugjald er því ekki endurgreitt þótt sjóðfélagi geti ekki nýtt sér dvöl (að fullu) vegna veðurs. Ef leigt er utan helga er þó endurgreitt 100% ef farið er fram á það áður en af dvöl verður.
- e) **Óviðráðanlegar ástæður.** Ef veður eða aðrar óviðráðanlegar ytri ástæður hamla orlofsdvöl og vegagerð, veðurstofa, lögregla eða aðrir opinberir aðilar mæla eindregið gegn því að fólk leggi í ferðalög á þeim svæðum þar sem orlofshús sjóðsins er að finna

er leigugjald þó endurgreitt sem nemur 80%. Ef veikindi hamla orlofsdvöl og tilkynnt er til skrifstofu sjóðsins um forföll svo fljótt sem verða má eða í síðasta lagi kl. 12.00 á upphafsdegi leigu, er heimilt að endurgreiða 80% leigugjalds gegn framvísun læknisvottorðs.

- f) **Afhending lykla.** Sjóðfélögum er bent á að lesa vel leigusamning þar sem fram koma upplýsingar um afhendingu lykla. Um afhendingu lykla í íbúðir erlendis fer eftir leiðbeiningum frá sjóðnum hverju sinni. Utan sumarúthlutunartímabils eru lykklar í íbúðirnar í Reykjavík og Akureyri afhentir á skrifstofu sjóðsins að Borgartúni 6, 105 Reykjavík. 3. hæð virka daga frá 9:00-16:00.

5. Skyldur orlofsgesta.

- a) **Þrifagjald.** Staðlað þrifagjald innanlands er 7.000 kr. en Dkk. 500 erlendis ef ekki er þrifið nægilega vel að mati umsjónarmanns en hærra eftir mati fjármálastjóra ef vanhöld á þrifum eru sérstök og útheimta meiri útgjöld fyrir sjóðinn. Heimilt er að skuldajafna við tryggingargjald.
- b) **Trygging.** Greidd er trygging að fjárhæð 5.000 kr. til tryggingar skilum á lykli. Ekki er greidd trygging fyrirfram fyrir þrifagjaldi eða skaðabótum nema áminnt hafi verið fyrir sambærileg brot áður eða ef annars er ástæða til vegna fyrri umgengni hlutaðeigandi sjóðfélaga.
- c) **Ábyrgð á umgengni.** Sjóðfélagar bera ábyrgð á umgengni við orlofshús, orlofssvæði og aðrar eigur Orlofssjóðs BHM eftir almennum reglum skaðabótaréttar og leiguréttar, þ.e. almennt skulu greiddar skaðabætur sem nemur þeim útgjöldum sem tjón bakar sjóðinum ef tjóni er valdið af ásetningi eða gáleysi af sjóðfélaga eða gesti hans. Fylgt skal eðlilegum umgengnisreglum.
- d) **Bann við framsali.** Sjóðfélagi má ekki framselja öðrum leigurétt eða leyfa öðrum óviðkomandi að leigja í sínu nafni.
- e) **Gæludýr.** Óheimilt er að hafa hunda, ketti eða önnur gæludýr með í bústaði í eigu Orlofssjóðs BHM eða á vegum sjóðsins nema sérstaklega komi fram í leigusamningi, að það sé heimilt. Þó er heimilt að hafa hunda í húsum nr. 15, 16 og 17 í Brekkuskógi og í húsi nr. 22 að Hreðavatni enda sé fylgt öllum almennum reglum um hundahald. Lausaganga hunda á svæðinu er stranglega bönnuð.
- f) **Brot á reglum.** Áminnt er vegna ásetningsbrota á reglum eða eðlilegum umgengnisreglum og skal leyfa sjóðfélaga að tala máli sínu áður en ákvörðun um áminningu er tekin. Ef annað sambærilegt brot er framið innan 2ja ára frá því broti sem áminnt var út af missir sjóðfélagi rétt til úthlutunar í 2 ár.

6. Önnur ákvæði.

- a) **Gildistaka.** Reglur þessar voru upphaflega samþykktar í sjóðsstjórn 5. apríl 2001 og tóku fyrst gildi 7. apríl 2001.
- b) **Brottfall.** Við gildistökuna falla úr gildi eldri úthlutunarreglur.
- c) **Birting.** Reglurnar skulu birtar á heimasíðu sjóðsins og BHM.
- d) **Kynning.** Reglurnar voru kynntar á ársfundi fulltrúaráðs sjóðsins hinn 23. maí 2001 og eru kynntar reglulega á öðrum vettvangi eftir atvikum og eru breytingar samþykktar hverju sinni í stjórn (sjá neðanmálgrein) og reglurnar uppfærðar á heimasíðu.
- e) **Nýir orlofskostir.** Þegar nýir orlofskostir bætast við tekur starfsfólk orlofssjóðsins ákvörðun um hvar þeir raðast í verðflokk, án íhlutunar stjórnar sjóðsins.

¹ Breytingar samþykktar á stjórnarfundum 7. maí 2001, 5. september 2001, 9. janúar 2002, 30. janúar 2002, 8. maí 2002, 5. júní 2002, 17. júlí 2002, 9. október 2002, 6. nóvember 2002, 8. janúar 2003, 5. febrúar 2003, 5. mars 2003 og 2. apríl 2003, 4. febrúar 2004, 18. ágúst 2004, 1. september 2004, 6. október 2004, 3. nóvember 2004, 1. febrúar 2005, 12. apríl 2005, 27. september 2006, 28. nóvember. 2006, 11. desember 2007, 9. desember 2008, 13. janúar 2009, 2.3.2010